

## Fylgiskjal með grein 1.6 í þjónustusamningi við Myndlistaskólann í Reykjavík dags. 7. maí 2015

Fylgiskjal þetta vísar til 2. mgr. 44. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, þar er kveðið á um að skóli og ráðuneyti geri með sér samning þar sem fjallað er um áherslur í starfsemi skólans, námskrár, námsframboð, kennslufyrirkomulag og mat og eftirlit með skólastarfi. Fylgiskjalið tekur til undirbúningsnáms fyrir nemendur sem stefna á framhaldsnám í myndlist og myndlistarnáms fyrir almenning annars vegar og hinsvegar stúdentsprófs af listnámsbraut, sbr. grein 2.1. í þjónustusamningi.

### 1.6.1 Helstu áherslur og markmið með náminu

Í öllu námi við Myndlistaskólann í Reykjavík er áhersla lögð á tvennt, annars vegar að þroska skapandi hugsun nemenda og hins vegar að nemendur læri og öðlist þjálfun í að beita aðferðum og tækni á fjölbreyttu sviði myndlistar og hönnunar. Lögð er áhersla á að efla fagmennsku, hugrekki, sjálfstæði og meðvitund nemenda um ábyrgð sína á eigin námi og framtíð.

Nám í sjónlistadeild og á almennum námskeiðum Myndlistaskólans veitir nemendum grunnmenntun í fjölbreyttum greinum myndlistar og hönnunar.

### Markmið skólans með náminu er að:

- Búa nemendur í sjónlistadeild (listnámsbraut) og undirbúningsnámi undir háskólanám í list- og hönnunargreinum og jafnframt flestum greinum hug- og félagsvísinda. Einnig að veita þeim góðan almennan undirbúning undir fjölbreytt störf á breiðu sviði menningar, afþreyingar og þjónustu.
- Búa almenning í stökum námskeiðum, undir frekara nám á sviðinu. Einnig að auðga líf áhugafólks um myndlist með námi sviði lista og hönnunar.

### Aðrar áherslur skólans í tengslum við námið eru m.a. að:

- Vera áfram í fararbroddi við að samþætta kjarnagreina, listgreina og menningar-, hugmynda- og listasögu í sjónlistadeild (listnámsbraut).

### 1.6.2 Almennur hluti skólanámskrár

Skólanámskrá er skv. ákvæðum 22 gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Námskráin er grundvöllur viðurkenningar skólans skv. 12. gr. laganna og þjónustusamningurinn byggir á því að viðurkenning sé gild. Námskráin skiptist í tvennt; almennan hluta og námsbrautalýsingar. Almenni hlutinn er aðgengilegur á einum stað á vef skólans og í honum er gerð grein fyrir því sem kveðið er á um í 2. mgr. 22. gr. laganna. Vísað er einnig til greina 3.1.-3.3. í þjónustusamningi.

### 1.6.3 Námsframboð

Í sjónlistadeild til stúdentsprófs (listnámsbraut) er kennsla í íslensku, ensku og stærðfræði í sterkum tengslum við verklegt listnám í deildinni. Í tungumálum er lögð áhersla á orðaforða sem tengist menningu, sköpun og sjónlistum auk þess sem nemendur eru hvattir til að nálgast

tungumálið með opnum hug og skapandi hætti. Í stærðfræði er lögð áhersla á þætti eins og rúm- og flatarmálsfræði og notagildi þeirra í vinnu að sjónlistum, til dæmis í tengslum við fjarvidd, hlutateikningu þrívíða vinnu og litafræði. Nám í sjónlistadeild (listnámsbraut) er viðurkennt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Nemendur í undirbúningsnámi taka á einu ári úrval áfanga af sjónlistadeildinni (listnámsbraut) í verklegum greinum, menningarlæsi og listasögu.

Námsvalið er örlítið breytilegt eftir önnum hvað varðar almenn námskeið en hægt er að velja úr teikningu, málun, keramik, formfræði, litafræði, hugmyndavinnu og listasögu.

#### 1.6.4 Kennslufyrirkomulag

Nám í sjónlistadeild (listnámsbraut) fer fram í dagskóla og eru áfangar að mestu leyti kenndir í lotum. Þó eru nokkrir bóklegir áfangar kenndir vikulega yfir alla önnina.

Almenn námskeið fara að mestu leyti fram á kvöldin á virkum dögum en þó eru ávallt nokkur námskeið í boði á morgnana og um helgar. Í flestum tilvikum eru námskeiðin kennd vikulega í eina önn.

#### 1.6.5 Mat og eftirlit með gæðum námsins

Skólinn framkvæmir árlega sjálfsmat, skv. 41. gr. framhaldsskólalaga um innra mat, með eftirtöldum hætti:

- Mat nemenda á kennsluaðferðum og námsefni. Matið fer fram í lok hvers áfanga með rafrænum hætti en nemendum er sendur tölvupóstur með netkönnun sem þeir eru beðnir um að svara. Niðurstöðurnar eru yfirfarnar af deildarstjóra og gerðar aðgengilegar fyrir kennara. Þegar athugasemdir um kennsluhætti eða námsefni gefa tilefni til er fundað með kennara og í framhaldinu sett fram umbótaáætlun.
- Mati nemenda á annarri þjónustu og starfsemi eins og stjórnun, ráðgjöf, bókasafni, tölvuveri og tækjakosti. Matið fer fram með óformlegum hætti á fundum nemenda, skólastjóra og deildarstjóra sem haldnir eru a.m.k. einu sinni á önn.
- Staða útskrifaðra nemenda sem hafa verið í fullu námi við skólann er könnuð ári eftir að þeir ljúka námi. Könnunin er gerð með ýmsum hætti t.d. með samtölum við fyrrverandi nemendur, netpósti eða öðrum hætti. Upplýsingar um áframhaldandi nám eða störf nemenda ári eftir útskrift frá skólanum eru færðar inn í gagnagrunn skólans.
- Mat utanaðkomandi myndlistarmanns eða hönnuðar á skólastarfinu og árangri nemenda. Í tengslum við yfirferð á lokaverkefnum nemenda í fullu námi er að jafnaði kallaður til utanaðkomandi prófdómari. Að lokinni yfirferð er rætt við viðkomandi prófdómara um frammistöðu nemenda, hvaða þættir séu yfir heildina í góðu horfi og hvað megi bæta til að nemendur nái betri árangri.